

Nefndasvið Alþingis  
Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8 - 10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 6. mars 2003  
Tilvísun: 2003030017/50.1  
JSn/BH  
Tilv. ykkar: 25.02.2003

**Efni: Vegamál á höfuðborgarsvæðinu tillaga til þingsályktunar mál nr. 208.**

Umsögn Vegagerðarinnar um tillögu til þingsályktunar um vegamál á höfuðborgarsvæðinu, 208. mál.

Með hliðsjón af tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003 - 2014 (samgönguáætlun 2003 - 2004) og tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003 - 2006 (samgönguáætlun 2003 - 2006), sem báðar hafa verið lagðar fram á Alþingi, felur sú tillaga sem hér er til umsagnar samgönguráðherra að gera sérstaka úttekt á stórframkvæmdum sem ráðast þarf í á næstu árum í vegagerð á höfuðborgarsvæðinu.

*„Úttektin ásamt tillögu um forgangsröðun verkefna verði lögð fyrir Alþingi í síðasta lagi 1. nóvember 2003“. „Eins og fram kemur í samgönguáætlun 2003 - 2014 eru á höfuðborgarsvæðinu sett fram markmið hliðstæð því sem lagt var til grundvallar við vinnu að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins“.*


Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins var unnið sameiginlega af sveitarfélögunum á svæðinu, en Vegagerðin var höfð með í ráðum hvað varðaði helstu framkvæmdaáætlanir við vegagerð.

Jafnframt og í framhaldi af vinnu við svæðisskipulagið hafa forsvarsmenn sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu gert sameiginlegar tillögur um forgangsröðun framkvæmda á vegakerfi svæðisins og taka þær tillögur bæði til fjögurra ára og tólf ára áætlanna.

Það er mat Vegagerðarinnar að aðeins sé hægt að gera grófa úttekt á þeim stórframkvæmdum í vegagerð sem svæðisskipulagið gerir ráð fyrir, innan þeirra tímamarka sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir.

Úttektin getur hins vegar verið til gagns fyrir opinbera aðila við frekari áætlanagerð í skipulagsmálum í víðasta skilningi.

Virðingarfyllst,



Jón Rögnvaldsson,  
vegamálastjóri.